

LÖG**um breytingu á vegalögum, nr. 6/1977, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 40. gr. laganna kemur ný grein er orðast svo:

Vegagerð ríkisins er heimilt að kaupa, eiga og hafa umsjón með ferjum og flóabátum sem reknir eru til samgöngubóta, svo og að eiga aðild að félögum sem hafa eignarhald á þeim.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 19. maí 1993.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Halldór Blöndal.***LÖG****um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Úr heiti I. kafla laganna falla niður orðin „framsal sakamanna“.

2. gr.

2. málsl. 3. tölul. 6. gr. laganna fellur niður.

3. gr.

1. málsl. 7. tölul. 6. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 69/1981, orðast svo: Fyrir háttsemi sem greinir í alþjóðasamningi frá 18. desember 1979 um varnir gegn töku gísla.

4. gr.

3. og 4. mgr. 8. gr. laganna falla niður.